

- 4., að fá nákvæma skýrslu hins ákærða um dvöl hans á Ísafirði áður en hann var settur í varðhald, hvar hann hafi hafst við, hvaða atvinnu hann hafi haft o. fl.,
- 5., að útvega skýrslu Bergþórs Jónssonar á Lambalæk um veru hins ákærða hjá honum og hegðun hans þar.

Ennfremur vantar skýrslu um, hvenær hinum ákærða hafi verið sleppt úr varðhaldi; af málsskjölunum sjest aðeins, að hann var settur í varðhald 31. okt. f. á., og var enn í varðhaldi 26. janúar þ. á.

Svo ber hjeraðsdómaranum að útvega allar þær skýringar aðrar, er rannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Hjeraðsdómaranum ber að útvega þær skýrslur og skýringar, sem að framan segir, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 21. desembermán.

Nr. 36/1885.

Jörgen Hansen kaupmaður
 gegn
 prófasti Þórarni Böðvarssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Kjósar-
 og Gullbringusýslu 25. júlí 1885, er áfrýjandi í
 þessu máli, kaupmaður Jörgen Hansen í Hafnarfirði,
 dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli um hinn stefnda,
 prófast Þórarinn Böðvarsson, í brjefi til hans, dags.
 1. ág. 1884, til að lúka 100 kr. í sekt til landssjóðs,

eða, ef sektin eigi er greidd í ákveðinn tíma, til að sæta einföldu fangelsi í 30 daga, svo eru hin ærumeiðandi ummæli dæmd dauð og marklaus, og áfrýjandinn skyldaður til þess að greiða málskostnað með 80 krónum. Ennfremur var hinn stefndi með sama dómi sýknaður fyrir kærnum og kröfum áfrýjanda í gagnsókn, er hann höfðaði fyrir undirdóminum útaf meiðyrðum í þjefi nokkru, er hinn stefndi hafði skrifað áfrýjanda 2. ágústmán 1884.

Þessum dómi hefur nú kaupmaður Jørgen Hansen skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 3. septbr. þ. á., og hefur hann krafizt, svo framarlega sem eigi er ástæða til þess eptir lagaskyldu að frávísa málinu frá undirrjetti, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum stefnda, og honum til dæmdur málskostnaður. Svo hefur hann og samkvæmt gagnsókn sinni fyrir undirdómi krafizt þess, að hinn stefndi verði hæfilega sektaður fyrir meiðyrði þau, er hann hafi haft um sig í fyr nefndu brjefi dagsettu 2. ágústmán. 1884.

Hinn stefndi hefur þar á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og sjer til dæmdur málskostnaður.

Á hinum átöldu meiðyrðum stendur svo, að áfrýjandinn ritaði hinum stefnda brjef, dags. 1. ágúst 1884, útaf ágreiningi þeirra í milli um prestsgjöld, og fer hann þar því fram, að stefndi hafi heimtað af sjer hærri gjöld, en lög heimili honum rjett til, og að hann, ef yfirvöldin komi til, taki því með þökkum að fá úrgreiðslu dómstólanna fyrir því, hversu mikið hann skuli greiða presti í gjöld, hvort að stefndi hafi rjett til að heimta meira en honum beri, og

hvort að ásælni embættismanns, fram yfir rjett, í þessa átt verði álitin hegningarverð fjárkúgun eða „strafskyldig Pengeudpresning“ eins og að orði er komizt í brjefinu.

Mál þetta, eins og það er höfðað og rekið fyrir undirrjetti, er eigi í neinu verulegu svo ósamhljóða við sáttakæru hins stefnda, að á því verði byggður frávisunardómur eptir lagaskyldu.

Ennfremur verður eigi fallizt á þær ástæður áfrýjandans, er hann hefur talið fyrir sýknan sinni, að hann einungis hafi látið í ljósi efa um, að gjaldkrafan væri eigi lögum sámkvæm, og eigi haft í áformi að ærumeiða hinn stefnda, þó að hann hafi dregið í vafa, hvernig tiltekinn verknaður, svo sem hegningarverð fjárkúgun, ef hún væri framin af embættismanni, mundi verða álitin, og sje ómögulegt, hvorki eptir sambandi orðanna nje öðru að heimfæra þau til hins stefnda sjerstaklega. Það liggur bæði í því, að brjefið er ritað til hins stefnda, og þar beinlínis tekið fram, að hann heimti gjöld frekara en lög leyfa, einnig það atriði, að lagt sje undir úrskurð dómstólanna hegningarverð peningakúgun embættismanns í þessa átt, eins og að orði er komizt í brjefinu, að allt þetta er hrein og bein dróttan eða sakargipt. Yfirdómurinn verður því að vera undirdómaranum samdóma um, að bæði orð og efni í brjefi áfrýjandans, dags. 1. ágúst 1884, sje ærumeiðandi fyrir stefnda, og er afbrot áfrýjandans rjettilega heimfært undir 217. gr. hegningarlaganna með því að ákveða honum 100 kr. sekt til landssjóðs eða einfalt fangelsi í 30 daga. Hinn áfrýjaða dóm ber því í öllu að staðfesta einnig að því ó-

merking hinna ærumeiðandi orða áhrærir og málskostnað.

Að því þarnaest áhrærir gagnsókn þá, er áfrýjandinn hefur höfðað gegn stefnda útaf brjefi, er hann ritaði honum 2. ág. f. á., í hverju þau orð, að hinn stefndi hafi heimtað af honum meiri tekjur, en lög veiti rjett til, eru talin „lýgi“, og í gagnsóknarmálinu heimtað, að stefndi verði sektaður fyrir slíkt ámæli, þá er hinn stefndi af undirdómaranum rjettilega sýknaður fyrir ábyrgð útaf þessu, með því að af hálfu áfrýjanda eigi hefur verið sannaður sá áburður hans, að stefndi hafi heimtað gjöld um lög fram.

Samkvæmt úrslitum þessa máls ber áfrýjandanum að greiða stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómnum 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrjettarins í máli þessu skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, kaupmaður Jörgen Hansen, til hins stefnda, prófasts Þórarins Böðvarssonar, með 20—tuttugu—krónum.

Nr. 33/1885.

Einar prentari Þórðarson
gegn

Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Sumarið 1884 kom út hjer í bænum níðritlingur um Stefán Bjarnarson, sýslumann í Árnæssýslu, með